

OECD-FAO Agricultural Outlook 2008-2017

Summary in Icelandic

Horfur OECD-FAO um landbúnaðarmál 2008-2017

Útdráttur á íslensku


Í þessari 14. útgáfu af árlegum *Horfum í landbúnaðarmálum* – og þeirri fjórðu sem er undirbúin sameiginlega með Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) – er lagt til mat á landbúnaðarmarkaðshorfum sem eru byggðar á áætlunum sem ná til ársins 2017 um framleiðslu, neyslu, verslun, birgðir og verð á aðallega landbúnaðarvörum tempraða beltisins. Þessar áætlanir eru byggðar á sérstökum forsendum sem varða hnattræn þjóðhagsleg skilyrði, mannfjölgun, lands-stefnumótun í landbúnaði og verslun, framleiðslutækni og veðurskilyrði. Þær sýna hvernig þessir markaðir verða fyrir áhrifum af efnahagslegri þróun og stefnumótun stjórnar og leggja áherslu á suma áhættuþætti og þá óvissu sem getur haft áhrif á niðurstöðu markaðarins.

Í skýrslunni er fjallað um 39 ríki og 19 svæði, þar á meðal öll OECD ríkin og að auki fjölda lykilframleiðenda í landbúnaði utan OECD svæðisins, s.s. Kína, Indland, Rússneska sambandsríkið, Brasilíu og Argentínu.

VISSIR ÞÚ? Framleiðsla ETANÓL-ELDSNEYTIS **þrefaldaðist** á árunum 2000-2007.

- Viðmiðunarverð á heimsvísu á næstum öllum landbúnaðarvörum sem fjallað er um í þessari skýrslu er við eða yfir fyrri metum, a.m.k. að nafnvirði. Þetta mun ekki endast, og verð mun smám saman lækka vegna skammvinnns eðlis sumra þeirra þátta sem eru á bak við nýlegar hækkanir. En það er mikil ástæða til að trúa að nú skjóti líka varanlegir þættir stoðum undir verð sem vinnur að því að halda því bæði hærra að meðaltali en það var og draga úr langtímalækkun að raunvirði. Hvort sem það er skammvinnnt eða varanlegt þarf viðeigandi stefnumótunaraðgerð vegna landbúnaðarþróunar og til að taka á þörfum hinna svöngu og fátæku að taka tillit til beggja þessara eiginleika.
- Hin dramatíska aukning í verði frá 2005/2006 er að hluta til afleiðing óhagstæðra veðurskilyrða á helstu kornframleiðslusvæðum með smitáhrifum á uppskeru og búfé sem keppir um sama land. Í samhengi við litlar heimsbirgðir hefði þessi þróun ein sér hrundið af stað miklum verðviðbrögðum. Þessar aðstæður eru ekki nýjar af nálinni; þær hafa orðið áður fyrr, og verð hefur farið niður þegar eðlilegri aðstæður ríkja og framboð bregst við á nokkrum tíma. Í Horfunum er ekki að sjá neina ástæðu til að trúa því að þetta muni ekki endurtaka sig aftur á allra næstu árum.
- Þrátt fyrir að verðið hafi fallið úr núverandi hæðum mun það engu að síður haldast hærra að meðaltali í náinni framtíð en sjá mátti á síðasta áratug. En undirliggjandi öfl sem knýja áfram framboð á landbúnaðarframleiðslu (allajafna framleiðsluáðóði) munu þegar upp verður staðið vega þyngra en öflin sem ákvarða meira afgerandi eftirspurn, bæði eftir mat og fóðri sem og iðnaðareftirspurn, nánar tiltekið eftir framleiðslu á lífrænu eldsneyti. Af þessum sökum mun verð halda áfram að lækka að raunvirði, þó mögulega ekki eins mikið og áður tíðkaðist.
- Hvað birgðastöðu varðar er í Horfunum búist við að áframhaldandi aukning afurða af uppskeru sé mikilvægari en ný svæði sem eru brotin undir ræktun, við áætlun uppskerubirgða. Hægt vaxandi aukning mjólkurafurða og búfjár styður líka við aukningu á mjólkur- og kjötframleiðslu. Lykilforsenda í Horfunum er nokkur styrking bandaríkjadollars gagnvart flestum gjaldmiðlum. Í þeim löndum sem hafa orðið fyrir áhrifum af þessari breytingu mun þetta efla innanlandsverðshvata til að auka framleiðslu. Þessir þættir sameinast í að halda uppi vexti hnattrænnar landbúnaðarframleiðslu þótt dregið sé úr nokkru af hvatanum með því að áhrifanna af háu olúverði sem eykur framleiðslukostnaðinn sjái stað í minna framboði.
- Hvað eftirspurn varðar keyrir breytt mataræði, þéttbýlisþróun, hagvöxtur og aukinn fólksfjöldi áfram eftirspurn eftir mat og fóðri í þróunarríkjunum. Hnattrænt, og að raungildi, eru matur og fóður áfram mesta uppspretta aukinnar eftirspurnar í landbúnaði. En ofan á þessu er núna hin ört vaxandi eftirspurn eftir hráefni til að


Mynd 1.1. Hnattrænt vöruverð í hæsta meðaltali




knýja áfram vaxandi líforkugeira. Á meðan eftirspurn eftir lífrænu eldsneyti er minni en aukningin í notkun matar og fóðurs hefur lífræna eldsneytið verið stærsta uppspretta nýrrar eftirspurnar áratugum saman, og er sterkur þáttur í að renna stoðum undir uppsveiflu í verði á landbúnaðarvörum.

- Afleiðingin af þessu hreyfiafli í framboði og eftirspurn er að í Horfunum er lagt til að vöruverð – að nafnvirði – verði í náinni framtíð að meðaltali verulega yfir stöðunni sem hefur ríkt síðustu 10 árin. Þegar meðaltalið á árunum 2008 til 2017 er borið saman við meðaltalið á árunum 1998 til 2007 gæti verð nauta- og svínakjöts orðið einum 20% hærra, hrá- og hvítsykurs um 30%, hveitis, maíss og undanrennudufts 40 til 60%, smjörs og olíufræja meira en 60% og jurtaolíu meira en 80%. En héðan í frá mun þetta háa verð halda áfram að lækka að raunvirði, en á hægari hraða.
- Að auki kann verð líka að vera óstöðugra en á árum áður: ekki er í Horfunum reiknað með að birgðastaða verði endurnýjuð að ráði; eftirspurn verður minna viðkvæm fyrir verðbreytingum á grundvelli þá þegar hlutur vöru í lokamatarrækingi fellur og iðnaðareftirspurn eykst; veðurskilyrði og framboð á landbúnaðarframleiðslu kann að verða breytilegra með loftslagsbreytingum; og spákaupmennska með fjárfestingarsjóði sem eru ekki reknir í ábataskyni kemur í ljós eða hverfur af framtíðarmörkuðum í landbúnaði eins og gróðatækifæri mæla fyrir um.
- Í þessu heildarsamhengi mun skjálftamiðja hnattræns landbúnaðar frekar sveiflast frá OECD til þróunarríkjanna. Bæði neysla og framleiðsla vex hraðar í þróunarríkjum á öllum öðrum vörum en hveiti. Árið 2017 er búist við að þessi ríki einoki framleiðslu og neyslu á flestum vörutegundum að undanskildu grófu korni, osti og undanrennudufti.
- Samsvarandi sveiflur verða líka í hnattrænu verslunarmynstri. Innflutningur vex mest í þróunarríkjum og aukin hlutdeild þessa vaxtar er fönguð af meiri útflutningi frá öðrum nýtilkomnum ríkjum og þróunarríkjum. Vöxtur útflutnings í þróunarríkjum er meiri, og stundum miklu meiri í næstum allri framleiðslu. Þegar hlutdeild OECD ríkja í heimsútflutningi fellur halda samt þessi ríki áfram að einoka útflutningsverslun á hveiti, grófu korni, svínakjöti og öllum mjólkurvörum.
- Hátt verð er gott fyrir suma og slæmt fyrir aðra. Það er hagkvæmt fyrir marga söluframleiðendur í bæði þróuðum ríkjum og þróunarríkjum. Margir bændur í þróunarríkjum eru samt ekki tengdir mörkuðum og munu hafa lítinn eða engan ávinning af núgildandi háu verði. En hinir fátæku, einkum þeir fátæku í borgum í þróunarríkjum í nettómatarinnflutningi, munu þjást meira. Í mörgum ríkjum með lágur tekjur mun matarkostnaður sem er að meðaltali meira en 50% af tekjum og hærra verð sem er

Mynd 1.2. Mikill vöxtur heilt yfir í heimsverslun.




Mynd 1.3. Vöxtur í heimsútflutningi sem er einokaður af þróunarríkjum



haldið til haga í þessum Horfum þröngva fleira fólki út í vannæringu.

- Fyrir minnst þróuðu ríkin, einkum hópinn sem býr við matarskort, sýna áætlanirnar þannig stórlega aukið varnarleysi og óvissar matarbirgðir á tímum hærra vöruverðs og meiri óstöðugleika í verði. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að bæta framboðsgetu heima fyrir með því að fjárfesta í menntun, þjálfun og aukinni þjónustu, rannsóknum og þróun og efnislegri grunngerð. Þótt þetta séu langtímaúrræði er mikilvægt til skamms tíma að vöruskipti virki á árangursríkan hátt til að auðvelda ráðstöfun fánlegra vörubirgða.
- Í þessum Horfum er ályktað að stefnan í landbúnaði og verslun verði óbreytt. Hin raunverulega þróun í landbúnaðarvörum og matarverði veltur samt á þróun framtíðarstefnumótunar, og það er mikilvægt. Aukinnar mannúðaraðstoðar er þörf til að draga úr neikvæðum áhrifum af háu verði á hina bláfátæku og þetta gæti gerst án meiri háttar áhrifa á markaði.
- Slík yrði samt niðurstaðan af stefnumótun um verslunarhömlur, s.s. útflutningsskatta og viðskiptabanns. Þetta gæti til skamms tíma boðið upp á nokkra ívilnun fyrir neytendur heima fyrir en lagt að sama skapi byrðar á framleiðendurna þar og takmarkað framboðssvörum þeirra, sem og stuðlað að heimsóvissu á vörumarkaði. Með svipuðum hætti leggja tilteknar ráðstafanir, til að vernda framleiðendur landbúnaðarværa með jadarráðstöfunum heima fyrir, byrðar á neytendur heima fyrir; þær myndu líka takmarka vaxtarmöguleika fyrir framleiðendur erlendis þar sem brýnn vöxtur á hnattrænum landbúnaðarbirgðum væri takmarkaður.
- Stuðningur stefnumótunar, sem og þróun olíuverðs, mun hafa afgerandi áhrif á þróun framtíðareftirspurnar eftir lífrænu eldsneyti fyrir fódurbirgðir í landbúnaðarvörum. Breytingar í hvoru sem er eða ný tækniþróun myndi líka hafa mikil áhrif á áætlað heimsverð fyrir landbúnaðarvörur og fyrir tiltækileika fyrir matar- og fódurnot.
- Loks horfist landbúnaðarframboð til langs tíma í augu við aukna óvissu og takmarkanir að því marki sem hægt er að brjóta nýtt land undir ræktun. Almennar fjárfestingar og einkafjárfestingar í nýsköpun og aukinni framleiðslugetu í landbúnaði, sérstaklega í þróunarríkjum, myndu til muna bæta horfur í framboði með því að hjálpa til við að breikka framleiðslugrunninn og draga úr möguleikanum á endurteknum toppum í vöruverði.

[Mynd 2.1. Verð á matarvöru, 1971-2007 með áætlunum til 2017, bandaríkjadalir á tonn](#)
[Ath.: Raunverð staðvirt af staðvirði vergra landstekna Bandaríkjanna 2007 = 1.](#)



Alla útgáfuna má nálgast á www.agri-outlook.org

Þessi útdráttur inniheldur **StatLinks**, þjónustu þar sem Excel™-möppur eru fáanlegar af prentuðu síðunni!

© OECD/FAO 2008

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltyngdir útdrættir eru þýdd á grip af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD www.oecd.org/bookshop/

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: rights@oecd.org eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)
2 rue André-Pascal, 75116
Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights/

